


EFLING GRAÆNS HAGKERFIS Á ÍSLANDI

SJÁLFBÆR HAGSÆLD – SAMFÉLAG TIL FYRIRMYNDAR

Af hverju grænt hagkerfi?

- Atvinnustefna í sátt við náttúruvernd skapar samfellu í hagstjórn og kynningu á landi og þjóð á alþjóðavettvangi.
- Íslendingar með eitt stærsta vistspor í heimi.
- Umhverfisvæn atvinnustarfsemi er forsenda hagvaxtar á 21. öldinni.
- Eftirspurn eftir grænni orku fer vaxandi og sérþekking Íslendinga á orkumálum er eftirsótt.



Hvað er grænt hagkerfi?

Í grænu hagkerfi er áhersla lögð á atvinnustarfsemi sem dregur úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðlar að bættri nýtingu orku og auðlinda og kemur í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa.

Í stuttu máli einkennist **grænt hagkerfi** af aukinni verðmætasköpun á sama tíma og dregið er úr álagi á náttúruna.



Hvar eru grænu störfin?

- Umhverfistækni
- Lífræn framleiðsla
- Vistvænn sjávarútvegur
- Endurvinnsla og minnkun úrgangs
- Græn ferðapjónusta
- Vistvæn hönnun o.m.fl.




Stefna

- Ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi.
- Grænum störfum verði fjölgað.
- Hagrænum hvötum beitt til að ýta undir græna atvinnustarfsemi.
- Áhersla verði lögð á umhverfisvænar fjárfestingar.



Stefna

- Mengunarbótareglan verði forsenda gjaldtöku.
- Varúðarreglan verði hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda.
- Aukin fræðsla um sjálfbæra þróun og umhverfismál.
- Grænt hagkerfi landsins verði grunntónn í kynningu landsins.



Tillögur um aðgerðir

- Efling græns hagkerfis verði forgangsverkefni í atvinnustefnu stjórnvalda
- Grænt hagkerfi verði á forræði forsætisráðuneytis sem samþætti vinnu allra ráðuneyta.
- Alþingi, ráðuneyti og stofnanir ríkisins taki upp markvisst umhverfisstarf til að bæta nýtingu og draga úr sóun og öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum með hliðsjón af ISO-14001.
- Settur verði á fót Grænn samkeppnissjóður innan Tækniþróunarsjóðs sem styrki verkefni á sviði umhverfisvænnar nýsköpunar.



Tillögur um aðgerðir

- Efnt verði til fimm ára verkefnis til að auka erlendar fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Átakið feli í sér val áherslusviða, kortlagningu vænlegra fjárfesta, kynningu og markaðssetningu.
- Fjármálaráðuneytinu verði falið að útfæra mengunargjöld til að fjármagna endurgreiðslur á kostnaði fyrirtækja við bættar mengunarvarnir og styrki vegna umhverfisvænna nýsköpunarverkefna.
- Við endurskoðun laga um vsk. verði vörur og þjónusta með vottuð umhverfismerki svo og lífrænt vottaðar vörur, settar í lægra virðisaukaskattsþrep en sambærilegar vörur.



Tillögur um aðgerðir

- Kostnaðar- og ábatagreining verði hluti af umhverfismati áætlana og framkvæmda.
- Framfarastuðull (GPI) verði reiknaður samhliða vergri landsframleiðslu (VLF).
- Veitt verði heimild til endurgreiðslu á hluta af útgjöldum fyrirtækja og stofnana við innleiðingu vottaðra umhverfisstjórnunarkerfa.
- Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði falið að undirbúa stofnun Græns fjárfestingarsjóðs með þátttöku innlendra og erlendra fjárfesta.



Tillögur um aðgerðir

- Ísland staðfesti viðauka VI við Marpol samninginn um varnir gegn mengun frá skipum og í framhaldinu verði **efnahagslögsaga** Íslands gerð að sérstöku mengunareftirlitssvæði.
- Stofnaður verði Sjálfbærnifræðslusjóður til að efla menntun til sjálfbærrar þróunar.
- Heildarendurskoðun á löggjöf um úrgangsmál, til að fjarlægja hindranir í vegi endurvinnsluiðnaðar á Íslandi.
- Tekjum af hækkun kolefnisgjalds varið til **orkuskipta** í samgöngum.



Tillögur um aðgerðir

- **Vistvæn orkunýting** verði skilgreind sem áherslusvið í eigendastefnu opinberra orkufyrirtækja.
- Stjórnvöld móti áætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu með það að markmiði að lífrænt vottaðar vörur verði 15% af landbúnaðarframleiðslu Íslands árið 2020.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði falið að móta aðferðafræði um “grænkun” íslenskra **fyrirtækja**.
- **Endurnýjanleg orka** til samgangna verði ekki skattlögð fyrr en hlutdeild hennar nær 20% af heildarorkunotkun í samgöngum.



Vistvæn innkaup

- Öll ráðuneyti og A hluta stofnanir ríkis innleiði vistvæn innkaup í samræmi við stefnu um vistvæn innkaup ríkisins.
- Stefna um vistvæn innkaup verði endurskoðuð. Markmið að hlutfall vistvænna innkaupa á vegum ríkisins verði 50% árið 2015 og 80% árið 2020.
- Allir nýjir rammameningar ríkisins um innkaup uppfylli viðmið í umhverfisskilyrðum í þeim vöruflokkum þar sem slík skilyrði hafa verið útbúin.
- Fjárveitingar til VINN verkefnisins verði auknar.



Vistvæn innkaup

- Árlega sé gert ráð fyrir tiltekinni fjárhæð á fjárlögum til að endurgreiða opinberum stofnunum allt að 20% af kostnaðarverði vöru og þjónustu sem sannanlega uppfyllir skilyrði umhverfismerkja af gerð 1.



Næstu skref

- Þingsályktunartillaga sem byggir á skýrslunni nú til meðferðar á Alþingi.
- Tillögur myndi grunn aðgerðaáætlunar sem komi til framkvæmda frá og með 2012.
- Fyrsti áfangi áætlunar lagður fram í nóvember 2011.
- Áætlun um sköpun grænna starfa.

